



## FLJÓTLEGRI KOSTURINN

Mexíkóskt þema í kvöld?



Opunartími Hringbraut: Allan sólarhringinn  
Opunartími Tjarnabraut: 08.00 - 23.30 Vírka daga  
09.00 - 23.30 Helgar

Krambúðin



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 25. OKTÓBER 2023 // 40. TBL. // 44. ÁRG.



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

## KONUR FYLLTU KROSSMÓA Í KVENNAVERKFAZZI

Konur og kvár fjölmenntu í Krossmóa í Reykjanesbæ í hádeginu á þriðjudag í upphitunarviðburð fyrir dagskrá sem fram fór á Arnarhóli í Reykjavík. Hundruð tóku þátt í viðburðinum í Krossmóa og var anddyrið fyrir framan verslanir í húsinu þéttskipað. Þar hafði verið sett upp svið þar sem konur og kvár komu upp og fluttu texta ýmiskonar, hvort sem það voru ljóð eða mikilvæg slagorð í tilefni dagsins. Dagskránni í Krossmóa lauk svo með því að þær Fríða Dís og LadiLex stýrðu hóp söng svo undir tók í húsinu. Stór hluti hópsins sem safnaðist saman í Krossmóa hélt svo áfram í hópferð til Reykjavíkur til að taka þátt í kvennaverksfallinu og dagskrá við Arnarhól. Í rafrænni útgáfu Víkurfréttanna má sjá myndskaið frá viðburðinum í Reykjanesbæ og á vf.is má sjá fleiri ljósmyndir. VF/Jóhann Páll Kristbjörnsson



VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBOG ÓSK  
ELINBOG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VÍKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

## Guðbrandur sæmdur heiðursmerki LÍV

Guðbrandur Einarsson, þingmaður Viðreisnar í Suðurlkjör-dæmi, var sæmdur gullmerki Landssambands íslenskra verslunarmanna á þingi sambandsins sem haldið var á Selfossi 19.-20. október sl. fyrir störf sín fyrir verslunar- og skrifstofufólk og launþegahreyfinguna á Íslandi.

Á þinginu kom m.a. fram að Guðbrandur hafi setið sem formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja í 21 ár, setið í stjórn landssambandsins í 20 ár, þar af sem formaður í 6 ár og í miðstjórn Alþýðusambands Íslands í 14 ár. Þá starfaði Guðbrandur í fjölda nefnda og ráða innan ASÍ,

s.s. kjara- og skattanefnd, efnahags- og skattanefnd, laganefnd, launanefnd, starfs og fjárhagsnefnd og fl.

Þá sat Guðbrandur í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, varamaður í Vinnumarkaðsráði Suðurnesja og í stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, varamaður í stjórn Keilis og fl. Einnig sat Guðbrandur sem fulltrúi ASÍ í stýrihópi um sveitarstjórnar- og byggðamála vegna umsóknar Íslands að ESB.

Guðbrandur var kjörinn á þing fyrir Viðreisn í alþingiskosningunum árið 2021.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, nældi gullmerkinu í barm Guðbrandar.

Allt hreint  
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



## HANDTEKINN EFTIR HNÍF-STUNGUÁRÁS Á ÁSBRÚ

Lögreglan á Suðurnesjum naut aðstoðar sérsveitarmanna þegar tilkynnt var um hnífstunguárás í húsnæði hælisleitenda við Lindarbraut á Ásbrú í Reykjanesbæ á miðvikudagsmorgun í síðustu viku. Fjölmennt lið lögreglu var sent á vettvang ásamt sérsveitarmönnum og sjúkraflutningamönnum.

Árásarmaðurinn var yfirbugaður af lögreglu. Sá sem hafði verið stunginn var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem gert var að

áverkum hans. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var hann ekki alvarlega slasaður.

Bjarney Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, sagði í samtali við Víkurfréttir að það væri sérstakt verklag hjá lögreglu að njóta aðstoðar sérsveitar þegar hnífamál koma upp. Árásaraðilinn var handtekinn og yfirheyrður og málið telst vera upplýst.



## Færðu HS Orku lágmynd af Ingólfi

Aðstandendur Ingólfs Aðalsteinssonar, forstjóra Hitaveitu Suðurnesja árin 1975-1992 færðu HS Orku lágmynd af Ingólfi á afmælisdegi hans 10. október sl. en hann hefði orðið 100 ára þann dag. Einnig færðu þeir fyrirtækinu líkan af orkuverinu í Svartengi eins og það var í upphafi.

Á myndinni eru börn Ingólfs, f.v. Aðalsteinn, Birgir, Ólafur Örn, Ásrún og Atli. Albert Albertsson, elsti starfsmaður HS Orku, tók við gjöfnni.

## Halldóra, Margrét og Kjartan ræða við Vogamenn

Bæjarráð Reykjanesbæjar felur Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur og Margréti A. Sanders að vera fulltrúar ásamt Kjartani Má Kjartanssyni, bæjarstjóra, í samtali um valkostagreiningu fyrir hönd sveitarfélagsins. Á síðasta fundi ráðsins var lagt fram erindi frá Sveitarfélaginu Vogum þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins.



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
magasín

# 150 NÝJAR ÍBÚÐIR Á ÁSBRÚ

## TILBOÐ ÓSKAST Í BYGGINGARRÉTT

Kadeco (Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar) leitar nú kauptilboða í byggingarrétt fyrir 150 íbúðir á svonefndum Suðurbrautarreit á Ásbrú. Verkefnið er hluti af Þróunaráætlun Kadeco, K64 – [www.K64.is](http://www.K64.is).

Vandað skipulag í samstarfi við Kadeco og Reykjanesbæ Kaupandi mun vinna deiliskipulag fyrir svæðið, sem er 3,3 hektarar að flatarmáli, í samvinnu við Kadeco og Reykjanesbæ. Gerðar verða kröfur um vandaða skipulagsvinnu sem unnin verður innan ákveðins tímafrests. Gert er ráð fyrir misháum byggingum, allt að fjögurra hæða, til að tryggja fjölbreytni og 150 íbúðum að lágmarki. Einnig er gert ráð fyrir skjólgóðu nærumhverfi, inngörðum og

góðum göngutengingum við nærliggjandi svæði. Bílastæði verða aðallega eða eingöngu á yfirborði og deilt á minni svæði, aðgreind með trjágróðri til að falla vel að umhverfinu.

Nánari upplýsingar:  
[kadeco.is/uppbygging/sudurbrautarreit](http://kadeco.is/uppbygging/sudurbrautarreit)




► K64

## Metanframleiðsla á Reykjanesi

Nordur PTX Reykjanes áformar að reisa 56 MW verksmiðju á Reykjanesi við hlið Reykjanesvirkjunar í auðlindagarði HS Orku. Í verksmiðjunni verður koldíoxíð sem fengið er úr afgasi jarðvarmavirkjunar HS Orku í Svartsengi, ásamt vetni sem er framleitt úr vatni með rafgreiningu, notað til að framleiða metan til eldsneytisnotkunar í Evrópu. Sem hluti af framkvæmdinni er skoðað að leggja gaslagn frá Svartsengi að verksmiðjunni.

Skípulagsstofnun hefur óskað umsagnar um framkvæmdina er unnið er að mati á umhverfisáhrifum. Reykjanesbær gerir ekki athugasemd við niðurstöðu umhverfismats. Helstu neikvæðu áhrifin eru á ásýnd lands og jarðmyndanir en að mestu innan löðar. Til þess ber að líta að áhrifin eru innan svæðis með skilgreindri landnotkun sem iðnaðarsvæði.



Barrspætan í skógarriðrinu í hlíðum Þorbjarnarfells við Grindavík. Ljósmynd: Gunnar Þór Hallgrímsson.

## Barrspæta heilsaði upp á fuglaáhugafólk í Grindavík

■ Hvarf en fannst aftur í skógarriðri í hlíðum Þorbjarnarfells

Það er stundum sagt að sjaldséðir fuglar leiti upp fuglaáhugafólk. Þannig atvik átti sér stað í Grindavík um helgina. Grindvíkingurinn Eyjólfur Vilbergsson er einn afkastamesti fuglaljósmyndari landsins og hann fékk óvæntan gest í garðinn sinn í Grindavík þegar barrspæta (Great Spotted Woodpecker) gerði vart við sig. Spætan umrædda er af tegund flækingsfugla sem hafði ekki verið skráð á lista fugla sem höfðu sést hér á landi.

Gunnar Þór Hallgrímsson, prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands, birti mynd af barrspætunni en hann náði myndinni í trjálundi við Þorbjarnarfell á sunnudaginn. Gunnar Þór er vel kunnur mörgu Suðurnesjafólki en hann starfaði hjá Náttúrustofu Reykjanes í Sandgerði þegar hann var í doktorsnámi sínu.

Í færslu á fésbókinni um nýliðna helgi skrifaði Gunnar: „Þann 1. nóvember 2018 varð ég fyrir því hálfgerða óláni að barrspæta flaug yfir mig á meðan ég var að vitja um músagildrur í Heiðmörk ásamt nemendum mínum. Ég var ekki með sjónauka og gat ekki séð nein nákvæm einkenni önnur en stærð, lögun, fluglag og hljóð áður en spætan hvarf mér sjónum.“

Eftir miklar vangaveltur ákvað ég að leggja fuglinn ekki fyrir Flækingsfuglanefnd og þ.a.l. skrá hann ekki á lista yfir þær fuglategundir sem ég hef séð á Íslandi. Ég hef oft nagað mig í handarbökin yfir þessari ákvörðun vegna þess að líkurnar á að sjá barrspætu aftur á Íslandi eru mjög litlar.

Þau stórtíðindi bárust síðdegis í gær [föstudag] að Eyjólfur Vilbergsson hefði fundið barrspætu í garðinum hjá sér í Grindavík. Frétta úr garði Eyjólfss var því beðið með mikilli eftirvæntingu í allan dag en því miður þá var spætan á bak og burt. En kl. 16:18 bárust óvænt fréttir af barrspætu í litlum trjálundi við Þorbjarnarfell í Grindavík, tæpum 2 km norðan við garð Eyjólfss. Ég ásamt fleirum brunuðum strax á staðinn og þar beið barrspætan. Hún var nokkuð spök og leyfði mér að taka þessa mynd af sér. Loksins get ég bætt þessari fallegu tegund formlega á listann minn og hætt að hugsa um barrspætuna í Heiðmörk fyrir 5 árum,“ skrifar Gunnar Þór um barrspætuna fögru í Grindavík.

Barrspætan er útbreidd um alla Evrópu og á breiðu belti allt til Austur-Asíu að Japan meðtöldu.

FISHHOUSE BAR&GRILL

# MUGISON

Í GÍGNUM

26. október kl. 20:00

Mílasala á <https://www.mugison.is>

Tilvalið að bóka sér borð í kvöldmat fyrir þessa frábæru tónleika í síma 426-9999

Fishhouse Bar&Grill Grindavík - Hafnargata 6

## Reykjanes Optikk

Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar  
Góð þjónusta Linsumælingar  
Falleg vara Sjónþjálfun  
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu [www.reykjanesoptikk.is](http://www.reykjanesoptikk.is)  
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptikk.is

## VALPÓR ÓLASON

Torreveja, Spáni,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 28. september.  
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 31. október klukkan 13.

Hægt verður að fylgjast með streymi frá útförinni á fb hóp, Útför Valpórs Ólasonar

**Aðalheiður Ásdís Valþórsdóttir** **Mimoun Boutaayacht**  
**Guðrún Ósk Valþórsdóttir**  
**Safir Steinn Valþórsson**  
**Naomi Stjarna Ó. Ycot**  
**Gabríela Máney Gunnarsdóttir**  
**Leonard Stírnir Guðrúnarson**  
**Hakim Boutaayacht**  
og systkini hins látna



## Átta þúsund gestir heimsóttu byggðasafnið á Garðskaga

Mikill gestagangur hefur verið á Byggðasafninu á Garðskaga frá því í maí og hafa á áttunda þúsund manns heimsótt safnið á þeim tíma. Nú er vetrarstarfið hafið á safninu og það lokað nema fyrir heimsóknir hópa sem þess óska og viðburði sem verða kynntir sérstaklega.

Í frétt frá safninu er bent á vefinn Sarpur.is, sem er gagnagrunnur fyrir þá muni og ljósmyndir sem skráð eru í varðveislu safnsins og annarra safna. Er fólk hvatt til að kynna sér hvað þar er að finna; munir, ljósmyndir, þjóðhættir, listaverk. Fjöldi mynda úr Suðurnesjabæ má m.a. finna á Sarpi.

Með frétt byggðasafnsins birtist svo mynd af Helgarett við Garðskagavita (sama og Lambastaðafjárrett) sem er hlaðin úr fjörugrjóti. Hún er talin kennd við bónda sem eitt sinn bjó á Lambastöðum í Garði. Sennilega hefur hún áður verið skilarétt fyrir hreppinn en seinna aðeins heimarétt Lambastaða. Réttin er hlaðin úr ávölu fjörugrjóti og hleðslur hennar eru mest um tveggja metra háar. Malbikaður göngustígur liggur nú fast norðan við réttina. (Heimild: Ferlir)

# Allt fyrir helgina!



Tilboðin gilda 26.–29. október

**15% appsláttur af ÖLLUM bleyjum**



**15% appsláttur**



nettó



**32%**

Heill kjúklingur, fullleldaður

**1.155** kr/pk

1.699 kr/pk

STJÖRNU GRIS



**25%**

Sænskar hakkbollur í brúnni sósu

**1.169** kr/pk

1.559 kr/pk

Happy Hydrate

Heilsuvara vikunnar



**20%**

Hydration Xpress

**1.639** kr/pk

2.049 kr/pk

**30%**



Epli, Pink Lady, 8 stk.


**531** kr/pk

759 kr/pk

**Krossmói**  
**Opið 10–19**

**lðavellir**  
**Opið 10–21**

**Grindavík**  
**Opið virka daga 9–19**  
**Opið um helgar 10–19**



Safnaðu inneign og fáðu betra verð með appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



U É T S E F R A Ð R E G Ð Ó G  
 N L A G S M Ú I T Æ G L Æ S Ó  
 A M L A S K A M É Æ P Ó U S A  
 Ð S U A G H J N L R U Ð Ú R B  
 U A K B F Ö G U R É U S S B T  
 R A K K I K R U K R U D N E H  
 A T A K M J R B N S P U N A A  
 L I M A K G R E M J A B E T L  
 I M R A J B S N V H R G Í G L  
 R A M R A J Ú D T A Ó U S A Æ  
 R Ó T A A M Ú A N É N T D P R  
 I N P B É R Ó R N R O N É N I  
 R D Æ Ð I S L E G U R E E A U  
 Ú R Ú P R A G N I L T T E V B  
 K E T T L I N G A R A K K O K

KVENNAVERKFA  
 LL SUÐURNESJABÆR  
 ENÐAR  
 SÆLGÆTI  
 HENDUR  
 UNADUR  
 GREMJA  
 GÓÐGERÐARFEST  
 GLÓÐ  
 KETTLINGAR

HALLÆRI  
 FÖGUR  
 KÚRIR  
 ÆÐISLEGUR  
 BRÚÐUR  
 RAKKI  
 UNÐUR  
 GÆLUR  
 JARMAR  
 VETTLINGAR

Gangi þér vel!



Þegar Alli á Eyri les leggja menn við hlustir. VF-mynd/Sigurbjörn.

Alli á Eyri les fyrir gömlu karlana



Aðalgeir Jóhannsson eða Alli á Eyri eins og hann er jafnan kallaður, er mikill listamaður í sér og er mikill og góður sögumaður. Þegar hann rak kaffihús sitt, Bryggjuna á neðstu hæðinni í húsinu sem hann og Kristinn bróðir hans voru með veiðafæragerð á efstu hæðinni, tók Alli sig til og fór að lesa úr bókum fyrir vini og kunningja. Þegar bræðurnir seldu reksturinn og nýir aðilar þurftu að loka tímabundið vegna framkvæmda, færði hópurinn sig yfir í Kvikuna, menningarhús Grindavíkur. Þar

hittast daglega, nokkrir hressir karlar og stundum kíkja konurnar líka við. Alli skýrði út hvenær og hvernig þessi hefð kom til. „Við Krilli byrjuðum með kaffihúsið á Bryggjunni árið 2009 og eftir nokkur ár byrjaði þetta hjá mér, að lesa upp úr bók á föstudögum. Það komu alltaf karlar á Bryggjuna í kaffi, menn sem voru komnir á eftirlaun og á einhverjum föstudeginum kom andinn yfir mig og ég las upp úr bók fyrir þá. Þetta varð að hefð en eftir að við seldum Bryggjuna og nýir aðilar voru í framkvæmdum

og þurftu að loka neðstu hæðinni tímabundið, færðum við okkur yfir í Kvikuna. Þar hittast flesta morgna hressir karlar en við erum alltaf á sunnudögum á Bryggjunni því þá er lokað í Kvikunni. Svo höfum við líka verið á miðvikudögum á Bryggjunni, þangað kem ég þegar ég er búinn að lesa fyrir gamla fólki á Viðihlíð. Þangað kem ég alla miðvikudagsmorgna kl. 10 og les. Ég held að ég fái jafnvel meira út úr þeim stundum en þau sem hlýða á lesturinn, þetta gefur mér mjög mikið,“ sagði Alli.

SUÐURNESJA  
**magasín**

Óska eftir tveggja til þriggja herbergja íbúð til leigu.  
 Góð fyrirframgreiðsla. Upplýsingar í síma 771-3040.

Bíla viðgerðir  
 Smurþjónusta  
 Varahlutir

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:  
**11-13:30**  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

HEYRN  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyirn.is //

Dapurlegt að ekki sé fiskimjölsverksmiðja á Suðurnesjum

Frá því síðasti pistill kom þá hefur nú ansi lítið verið um að vera í sjósókn frá Suðurnesjum. Miklar brætur voru og bátar komust lítið sem ekki neitt á sjóinn. Dúddi Gísli GK kom frá Skagaströnd og hóf róðra frá Grindavík, Margrét GK og Óli á Stað GK eru í Sandgerði en vegna veðurs þá komust þeir ekkert á sjóinn í um fimm daga.

Í síðasta pistli skrifaði ég nokkuð um bilanir en Valdimar GK bilaði ansi alvarlega og er báturinn kominn upp í slipp í Njarðvík. Á sama tíma kom nýjasti báturinn frá Stakkavík ehf. til Helguvíkur, Margrét GK.

Margrét GK var ekki eini nýi báturinn sem kom á flot, því annar bátur var sjósettur í Póllandi og sá bátur á smá tengingu við Grindavík.

Árið 1946, þá á Grenivík, var stofnað fyrirtækið Gjögur og keypti þá fyrirtækið tvo báta sem hétu Vörður TH 4 og Von TH 5. Þarna á þessum tíma voru notaðir stafirnir TH í umdæmismarki bátanna en um tíu árum síðar breyttust þessir stafir í ÞH og eru ÞH stafirnir notaðir enn þann dag í dag.

Gjögur ehf. er ennþá til og tók við rekstri frystihússins á Grenivík en er líka með fiskvinnslu í Grindavík og gerir út tvo 29 metra langa togara sem heita Áskell ÞH og Vörður ÞH.

Þó svo að bátarnir séu ÞH og skráðir á Grenivík þá hefur Grindavík verið svo til aðallöndunarhöfn bátanna sem Gjögur á, fyrir utan einn bát, það er uppsjárarskipið og loðnubáturinn Hákon ÞH 250. Árið 2001 kom til landsins uppsjárarskip sem hét Hákon EA



148 og er þessi bátur ennþá gerður út af Gjögri, þangað til núna því að nýr Hákon ÞH 250 var sjósettur í Póllandi og mun sá bátur leysa af Hákon ÞH sem kom árið 2001. Báðir bátarnir eru svipað langir, eða um 76 metra langir, sá gamli er 14,4 metra breiður en nýi er 16,5 metra breiður og er með töluvert meiri burðargetu.

Loðnubáturinn Hákon ÞH á sér töluvert langa sögu hérna á landinu en þó svo að fyrirtækið Gjögur ehf. hafi sterka tengingu við Grindavík varðandi bolfiskinn þá er ekki það sama sagt um uppsjárarfiskinn, sérstaklega núna á þessari öld því eftir að fiskimjölsverksmiðjan í Grindavík brann hefur engum uppsjárarfiski verið landað þar.

Svo þessi litla tenging Gjögurs við Grindavík og þar með Suðurnesin í formi Hákons ÞH mun líklega aldrei koma inn í höfn á Suðurnesjunum, nema kannski Helguvík ef verksmiðja verður ræst þar aftur.

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Gamli Hákon ÞH og líka sá sem var á undan honum lönduðu ansi mikið í Helguvík og reyndar var gamli Hákon ÞH, sem var smíðaður árið 2001, með frystibúnað um borð og gat því fryst loðnu, makríl og síld og landaði þá þeim afla frosnum í Reykjavík enn hratinu var landað í Helguvík.

Varðandi Helguvík þá má segja að það sé endanlega búið að slökkva algjörlega á því að þar muni verða bræddur uppsjárarfiskur því núna í sumar var bunnadurinn í Helguvík seldur til Marokkó og eins og ég hef áður getið þá mjög dapurlegt og í raun frekar fánalegt að ekki sé fiskimjölsverksmiðja á Suðurnesjum, því jú þar var nú í fyrsta skipti brædd loðna þegar bræðslan í Sandgerði tók á móti fyrstu loðnunni til bræðslu fyrir um 60 árum síðan.



Frá sagnastundinni á Garðskaga. Þorsteinn Marteinnsson á innföldu myndinni.

## Ræddu flugslys í sagnastund

Þorsteinn Marteinnsson var gestur sagnastundar á Garðskaga síðasta laugardag. Þorsteinn hefur ásamt Ólafi bróður sínum safnað saman ómetanlegum heimildum um 160 flugslys og flugóhöpp sem urðu á Íslandi í síðari heimstyrjöldinni. Efninu hafa þeir safnað á vefsvæðið stridsminjar.is.

Fjöldmörg flugóhöpp urðu á Reykjaneskaganum og sum þeirra mannskæð. Eitt „frægasta“ flugslysið varð í Fagradalsfjalli þann 3. maí 1943 þegar bandarísk sprengjuflugvél af

gerðinni B-24D Liberator sem bar heitið „Hot Stuff“ fórst í fjallinu. Flugvélin var á leið heim til Bandaríkjanna í fyrirhugaða sigurför sem fyrsta sprengjuflugvél sem hafði

náð ósködduð að fljúga 25 árásarferðir frá Bretlandi yfir meginland Evrópu í seinni heimsstyrjöldinni. Þorsteinn sagði frá þessu slysi og minnisvarða sem reistur var og afhjúpaður fyrir fimm árum.

Á vef VÍkurfrétta verður hægt að sjá upptöku frá sagnastundinni og virða fyrir sér myndir.



Skufélagarnir Hörður Gíslason og Bárður Bragason úr Garðinum standa fyrir sagnastundum einu sinni í mánuði.



## LAUSAR STÖÐUR KENNARA Í STÓRU-VOGASKÓLA

Stóru-Vogaskóli óskar eftir að ráða kennara í eftirfarandi stöður:

- Íþrótt- og sundkennari
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Stóru-Vogaskóli er 180 barna grunnskóli, í ört stækkandi samfélagi, þar sem skólastarfi er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og velgengni sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflug og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er Grænánaskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu, skal fylgja umsókn
- Reynslu af kennslu
- Hæfnispróf sundkennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísi
- Áhugi á að starfa með börnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 6. nóvember. Umsóknir skulu berast á netfangið [hilmar@vogar.is](mailto:hilmar@vogar.is)

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri í síma 440-6250.



VOGAR  
– vinalægur bær

Auglýsingasíminn er 421 0000

## Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



### Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin. Aukið grip í hálfu, snjó og slabbi. Endingargott grip út líftímann. Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður. Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance.



Henta vel undir rafbíla

### Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálfu, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km. Betri akstureiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð. Einstök ending. Lágmarks hljóðmengun.



### Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnar eftir því sem dekkið slitnar. Endingargott grip út líftímann. Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgríp.

Notaðu N1 kortið

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
Klettagörðum	440-1365	Réttarhvammi Akureyri	440-1433

N1

ALLA LEIÐ





Óskum starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og íbúum á Suðurnesjum til hamingju með nýja slysa- og bráðamóttöku og nýja sjúkradeild sem verið er að taka í notkun í D-álmu HSS

# Nýjar deildir munu efla heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa Suðurnesja





## Mugison

á Gígnum  
á Fish house  
í Grindavík

Tónlistarmaðurinn Mugison mun halda tónleika fimmtudagskvöldið 26. október á tónleikastaðnum Gígnum í Grindavík en staðurinn er hluti veitingastaðarins Fish house. Mugison gaf nýverið út plötuna *Je dúdda mía* og er að fylgja henni eftir með tónleikum vítt og breitt um landið.

„Ég hef oft spilað hjá Kára, fyrst á Fish house og er einu sinni búinn að spila á nýja tónleikastaðnum hans, Gígnum. Það er alltaf gaman að koma til Grindavíkur að spila, það skapaðist alltaf frábær stemning inni á Fish house og nýji salurinn er einstaklega góður upp á hljóðgæði, það var mjög gaman þegar ég kom þangað í fyrra. Mér

finnst rosalega skemmtilegt að spila á þessum minni stöðum, fyrir u.þ.b. 100 manns. Það verður öðruvísi stemning út af nándinni, það verður meira grín og brjálæði, maður þorir að segja viðbjóðslegri hluti.

Ég er nýbúinn að gefa út plötu, *Je dúdda mía* og hef verið að fylgja henni eftir. Við erum tveir, ég og Kristófer Rodríguez Svónuson en hann leikur á alls kyns ásláttarhljóðfæri og sjálfur mæti ég með gítarinn og harmonikkuna. Ég lofa góðri stemningu og hvet alla til að koma, skil samt líka þá sem ætluðu bara að horfa á sjóvarpið þetta kvöld. Hægt er að kaupa miða á [mugison.is](http://mugison.is)“

Mugison tók þátt í heimatónleikunum á nýafstaðinni Ljósa-nótt. „Þetta var aðeins of gaman! Ég spilaði í Gimsteini, gamla hljóðverinu hans Rúna Júl og svei mér þá, Rúni var með mér á þessum tónleikum, örugglega ber að ofan að spila á bassann. Mér leið eins og ég væri andsetinn, það var einhver rokkhundur í mér og stemningin var geðveik. Það var mjög vont veður þennan dag og þá þjappast fólk oft betur saman. Ég ætlaði aldrei að ná mér niður eftir þessa tónleika, það var svo gaman,“ sagði Mugison að lokum.

Mugison var í myndbandsspjallovið VF á dögunum, hægt er að sjá það inn á vef VÍKURFRÉTTA, [www.vf.is](http://www.vf.is)

## STORÐ gefur út sína fyrstu plötu

Hljómsveitin STORÐ er að gefa út sína fyrstu hljómplötu um þessar mundir. Hljómsveitin, sem er að mestu ættuð af Suðurnesjum, hefur unnið að plötunni síðustu tvö ár og hefur fengið til liðs við sig mikið af hæfileikaríku tónlistarfólki til að vinna að verkinu. Platan, sem verður aðgengileg á öllum helstu streymisveitum þann 25. október næstkomandi, ber nafnið Black Waters og inniheldur tíu lög, öll samin af Bjarna Geir Bjarnasyni, gítarleikara, og söngkonunni Siggú Mayu. Auk þeirra eru meðlimir

hljómsveitarinnar Sturla Ólafsson, slagverksleikari, og Logi Már Einarrsson, bassaleikari.

Hljómsveitin skilgreinir sig sem fjölstefnuhljómsveit og á komandi plötu glittir í rokk, blús, prog, sækadelíu auk annars sem til hefur fallið, þar sem stungið er á kyli og horfst óhikað í augu við sjálfið, ástina og hin ýmsu sálar- og þjóðfélagsmein. Black Waters var að mestu hljóðunnin í Stúdíó Gott hljóð í Borgarnesi af Sigurbóri „Sissa“ Kristjánssyni.



## Tuttugu ára ævintýri á Íslandi

Alexöndra Chernyshova verður með tónleika fimmtudaginn 26. október kl.20:00 í Hannesarholti í Reykjavík. Með óperukonunni og tónskáldinu verður Kjartan Valdemarsson, píanóleikari.

Í október verða tuttugu ár síðan Alexandra fylgdi hjarta sínu og elti ástina til Íslands, því verður fagnað með tónleikum og þakklaeti til Íslendinga fyrir árin tuttugu. Á efmissk tónleikanna verða flutt úrvals klassískt sönglög frá tuttugu ára söngævintýri Alexöndru við undirleik Kjartans Valdemarssonar.

Alexandra hefur haldið meira en tvö hundruð tónleika, sett upp tíu óperur, samið fjórar óperur, tvær sinfóníur, gefið út geisladiska, stofnað óperufélag, tónlistarfélag, stýrt kórum og tónlistarhátíðum. Hún er með meistaragráðu í tónlist frá Listaháskóla Íslands og meistaragráðu í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Gaman að segja að fyrstu einsöngstónleikar Alexöndru á Íslandi voru haldnir í Duus hús, Reykjanesbær með undirleik Gróu Hreinsdóttir árið 2004 við frábærar undirtektir.

Alexandra hefur fengið viðurkenningar fyrir sitt framlag, m.a. Menningarverðlaun Reykjanesbæjar – Súluna, komst á topp tíu lista ungra Íslendinga fyrir afrek sín á sviði menningar á Íslandi og var í fyrsta sæti á alþjóðlegri tónskáldakeppni Isak Dunajevskiy og fékk Bronze verðlaun í Mozart International Award fyrir söng sinn svo eitthvað sé nefnt.



## Rokk á Paddy's

Fríða Dís og Alexandra Ósk Sigurðardóttur, LadieLex, verða með rokkstónleika á Paddy's á fimmtudagskvöldið 26. október.

Suðurnesjamenn þekkja Fríðu Dís Guðmundsdóttur vel en hún hefur starfað við tónlist frá unglingsaldri sem söngkona, texta- og lagasamiður með Klassart og fleiri hljómsveitum.

LadieLex er rokk/popp sólóverkefni Alexöndru Óskar Sigurðardóttur, sem er fædd og uppalin í Reykjanesbæ og núna búsett í Stokkhólmi. Alexandra á sér langa sögu í íslensku tónlistarlífi hafandi verið meðlimur í rokkhljómsveitinni Hellvar og unnið að nokkruð öðrum indie verkefnum.



## VERNE GLOBAL

### Tæknimaður í þjónustudeild

Hefur þú brennandi áhuga á tækni og nýsköpun?  
Hefur þú áhuga á að starfa í alþjóðlegu umhverfi?  
Ef svo er, þá erum við að leita að þér!

Gagnaver VERNE leitar að einstaklingum sem hafa ástríðu fyrir að tileinka sér nýja tækni og þekkingu, eru góðir að vinna í teymi, tilbúnir að sýna sjálfstæði, frumkvæði og eru óhræddir við að taka á sig ábyrgð.

VERNE er rótgróið en jafnframt ört vaxandi alþjóðlegt gagnaversfyrirtæki með starfsemi á Íslandi, í Bretlandi og Finnlandi.

Við þjónustum hátæknifyrirtæki t.d. á sviði gervigreindar, líftækni, fjármála, tungumálatækni og bílaiðnaðar.

VERNE er leiðandi í umhverfismálum á íslenskum og alþjóðlegum gagnaversmarkaði. Við þjónustum því viðskiptavinum sem hafa langtíma umhverfis- og sjálfbærnis-sjónarmið að leiðarljósi, vinnsla rafmynta því undanskilin.

Verne Global Gagnaver er að bæta í hóp tæknimanna sem sér um að þjónusta viðskiptavinum gagnaversins. Gerð er skilyrði um góða enskukunnáttu, bæði í rituðu og töluðu máli. Unnið er bæði á dagvinnutíma og á vöktum.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2023.

Til að sækja um:

<https://verneglobal.bamboohr.com/careers/30>



Velheppnað Góðgerðarfest Blue Car!

# Hátt í fimmtíu milljónir króna til góðgerðarmála á þremur árum

„Stefnum að því að halda verkefninu áfram. Náum vonandi tuttugu og fimm milljónum á næsta ári,” segja Blue bræður.

„Stefnan er alltaf að hækka upphæðina sem við söfnum. Kannski komumst við í 25 milljónir á næsta ári, hver veit,” segir Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental en fyrirtækið stóð fyrir árlegu Góðgerðarfesti í húsa- kynnum fyrirtækisins 14. október. All söfnuðust tuttugu milljónir króna sem renna allar til góðgerðarmála á Suðurnesjum.

Góðgerðarfest Blue Car Rental var fyrst haldið árið 2019 og var hugmynd starfsmannafélags fyrirtækisins. Nokkur hundruð manns, starfsfólk og samstarfsaðilar komu saman og skemmtu sér í húsa- kynnum fyrirtækisins.

Svo vel tókst til að eigendur Blue Car Rental með Magnús Sverri Þorsteinsson í framlínunni, ákváðu að fara lengra með þetta verkefni og gera það að góðgerðarsamkomu. Hugmynd fæddist um að safna peningum sem myndu renna óskert til góðgerðarsamtaka og aðila á Suðurnesjum.

„Hann Magnús okkar á það til að fara á flug og það er óhætt að segja að hann hafi gert það í þessu verkefni. Við leitum til samstarfsaðila og birgja um að leggja verkefninu lið með fjárframlagi og svo vel tókst til að við söfnuðum 12 milljónum. Árið á eftir söfnuðum við 16 milljónum króna og nú söfnuðust tuttugu milljónir króna. Samstals

hafa því safnast nærri fimmtíu milljónir sem hafa allar farið í frábær verkefni til félaga eða aðila sem öll sinna góðgerðarmálum eða mjög þörfum og góðum verkefnum, eins og t.d. Björgunarsveitin Suðurnes gerir svo vel,” segir Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega hundruð manns, nær allt fólk á Suðurnesjum og er því hægt að segja að það sé orðinn mikilvægur hlekkur í atvinnulífinu á svæðinu. „Við höfum verið heppin með starfsfólk og það hefur komið sterkt inn í þetta verkefni okkar sem er frábært.”



Bubbi sló í gegn!



Þorsteinn og Magnús Sverri Þorsteinssynir, Blue bræður.

Þekktir tónlistarmenn hafa komið fram á góðgerðarfesti Blue Car á síðustu árum. Að þessu sinni kom Bubbi Morthens í fyrsta skipti og er óhætt að segja að kóngurinn hafi slegið í gegn. „Stemningin hefur alltaf verið frábær og allir skemmt sér vel en þegar Bubbi mætti fór þetta á annað stig. Kóngurinn gjörsamlega tók salinn og var hreinlega magnaður,” sagði Þorsteinn Þorsteinsson hjá Blue Car. En kóngurinn var ekki einn, Hnetusmjörs rapparinn og Hafnarfjarðarbræðurnir Jón og Friðrik Dór komu líka fram og mögnuðu stuðið eins og sjá má vel á myndum frá hátíðinni hér á næstu blaðsíðum.

## Fimmhundrað í góðgerðarfjöri. Sjáið þessar myndir!



# Svo miklu r

„Þetta er skemmtilegur vettvangur fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að koma saman í krafti fjöldans og láta gott að sér leiða,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car.

„Góðgerðarfest Blue Car Rental er ein af okkar leiðum til að gefa til baka til samfélagsins. Þannig styrkjum við og vekjum athygli á þeim mikilvægu mál-efnum og störfum sem unnin eru hér á svæðinu. Góðgerðarfest Blue er vettvangur fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að koma saman í krafti fjöldans og láta gott að sér leiða.

Hver króna sem kemur inn rennur óskipt í söfnunina og það eru fram- löggin sem hátíðin stendur fyrir. Við hjá Blue Car Rental sendum öllum þeim sem að söfnuninni komu miklar þakkir,“ sagði Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental í stuttu ávarpi til fulltrúa góðgerðar- samtaka og félaga sem fengu fjárstyrk eftir Góðgerðarfest fyrirtækisins.

### Eftirfarandi aðilar fengu styrk í ár:

**Hæfingarstöðin**, dagþjónustuúrræði sem gefur einstaklingum með lang- varandi stuðningaþarfir tækifæri til þess að auka hæfni sína til starfa og taka þátt í daglegu lífi. 2.500.000

**Krabbameinsfélag Suðurnesja** 2.500.000

**Björgunarsveit Suðurnesja** 2.500.000

**Minningarsjóður Ragga Margeirs** 2.500.000

**Minningarsjóður Ölla** 2.500.000

**Einhverfudeildir á Suðurnesjum Öspin, Eikin Lindin og Ásgarður** 5.000.000 (1.250.000 hver deild)

**Góðvild, félagasamtök** sem styðja við verkefni sem bæta hag langveikra og fatlaðra barna á Íslandi og fjölskyldur þeirra. 1.250.000

**Bumbulóni, góðgerðarfélag** sem selur vörur til styrktar fjölskyldum langveikra barna 1.250.000.





# meira en bara hátíð!

**Ellefu aðilar, félög og góðgerðarsamtök hluti styrki fyrir samtals tuttugu milljónir króna sem söfnuðust.**

## Minningarsjóður Ölla

„Við hjá sjóðnum erum himinlifandi að fá að vera hluti af þessu stórkostlega verkefni og innilega þakklát. Peningarnir koma sér vel, við höfum þegar farið fram úr þeirri upphæð sem var veitt úr sjóðnum allt árið í fyrra og bara síðustu fimm daga fyrir góðgerðarfestið greiddum við 238.000 krónur fyrir börn sem búa í Reykjanesbæ, svo dæmi sé tekið. Við, eins og áður, erum í góðu samstarfi við félögin og hver einasta króna sem safnast í sjóðinn fer í ípróttaiðkun barna sem búa við erfiðar aðstæður fjárhagslega. Eins og gefur að skilja eru Suðurnesin alltaf mjög stór hluti af okkar verkefni enda Ölli þekktastur þar og allt sem við gerum er í nafni Ölla heitins. Hann er með okkur í anda og sjóðurinn heldur nafni hans á lofti um ókomin ár,“ segir Særún Lúðvicksdóttir, móðir Ölla heitins en hún og María Rut Reynisdóttir, frænka hennar halda utan um starfsemi sjóðsins. Minningarsjóður Ölla er stofnaður til minningar um Örlyg Aron Sturluson en hann var ungur að árum einn efnilegasti körfuboltaaður landsins. Hann lék aðeins 19 ára gamall.

## Bumbuloní

Bumbuloní er góðgerðarfélag sem styrkir fjölskyldur langveikra barna í minningu Björgvins Arnars sem lést aðeins 6 ára gamall úr sjaldgæfum sjúkdómi 2013.

Styrkur frá Blue Car Rental mun renna beint til fjölskyldna sem eiga langveik börn og gerir það gæfumuninn að fá svona veglegan styrk til að létta undir hjá þeim sem standa í ströngu í erfiðasta verkefni lífsins.

Bumbuloní sendir Blue Car Rental þakkar- og kærleikskveðjur fyrir velvild í garð Bumbuloní og einnig fyrir að vekja athygli á mikilvægu málefni.

## Krabbameinsfélag Suðurnesja

„Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur verið að ná sér á strik eftir heimsfaraldurinn sem setti starfsemi félagsins úr skorðum þar sem krabbameinsjúklingar eru með bælt ónæmiskerfi og því í aukinni áhættu, sem gerði það að verkum að starfsemin fór úr skorðum í heimsfaraldurinn.“

Krabbameinsfélag okkar Suðurnesjamanna er rótgróið og margir notið góðs af því starfi sem þar fer fram. Styrkurinn mun nýttast Krabbameinsfélaginu í að halda viðburði og fara í kynningarherferð til að auka þekkingu samfélagsins á þeirri þjónustu sem félagið býður upp á sem er margvísleg ráðgjöf og aðstoð í baráttunni við sjúkdóminn, bæði fyrir sjúklinginn sjálfan og aðstandendur. Hjá félaginu er stefnt að því að ná upp fyrir styrk og geta veitt öllum þeim sem glíma við krabbamein sem besta þjónustu og ráðgjöf svo sjúklingar og aðstandendur geti sótt þjónustuna í sínu nærumhverfi,“ segir Margrét Sturlausdóttir frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja.

## Minningarsjóður Ragga Margeirs

„Minningarsjóður Ragga Margeirs hefur það markmið að styrkja knattspyrnumenn og aðstandendur þeirra sem eiga um sárt að binda. Sjóðurinn varð til árið 2003 útfrá minningarmóti

Ragga sem haldið var í Reykjaneshöll af vinum hans, gömlum knattspyrnumeikpum og síðan þá hefur mótið farið fram nánast árlega. Allur ágóði sem safnast hefur af þessum mótum hefur síðan verið notaður til að standa við bakið á knattspyrnumönnum og fjölskyldum þeirra sem eiga um sárt að binda. Síðastliðin tvö ár og núna í 3ja árið í röð hefur sjóðurinn fengið myndarlegan styrk eða um sex milljónir króna samtals frá eigendum Blue Car Rental í gegnum Góðgerðarfestið þeirra. Með þessum framlagi hefur sjóðnum tekist að styrkja samfélagið af enn meiri krafti en áður. Má meðal annars nefna að sjóðurinn hefur styrkt unga iðkendur til æfingaferða erlendis bæði með félagsliðinu sínu og einnig í landsliðsverkefni, veitt styrk til fjölskyldna sem hafa staðið frammi fyrir krefjandi verkefnum tengdum veikindum eða skyndilegu fráfalli. Sjóðurinn hefur einnig getað styrkt börn sem hafa komið í leit að alþjóðlegri vernd til ípróttaiðkunar

og þannig stuðlað að því að jafna tækifæri allra og reynt að ryðja úr vegi hindrunum barna til að aðlagast samfélaginu okkar. Búið er að úthluta allri þeirri upphæð sem sjóðurinn fékk í gegnum Góðgerðarfestið á síðasta ári. Styrkurinn sem sjóðurinn fær er ómetanlegur og er í raun forsenda þess

að Minningarsjóður Ragga Margeirs geti haldið áfram að styrkja samfélagið með eins myndarlegum hætti og gert hefur verið. Minning Ragnars Margeirssonar lifir og mun gera um ókoma tíð,“ segir í tilkynningu frá stjórn sjóðsins.



Dorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Blue Car afhenti styrkina.



## Gaman á Góðgerðarfesti Blue Car!



### Verkstæðið gert að skemmtistað

Hluti af stemningunni á bakvið góðgerðarfest Blue Car er að húsnæðið þar sem fjörið fer fram er hluti af verkstæði fyrirtækisins við Hólmsbergsbraut í Reykjanesbæ. Að sögn starfsmanna Blue Car fara margir dagar í að undirbúa hátíðina, koma fyrir græjum, búnaði og húsgögnum til að hýsa fimmhundruð manna fjór. Og svo fer dagóður tími í frágang eftir fjörið.











Ljósmynd: Oddgeir Karlsson

**MYNDSKEIÐ**  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

# Fólk verður hissa hvað við eigum góða söngvara

– segir Jón Gunnarsson formaður Karla-kórs Keflavíkur

Karla-kór Keflavíkur fagnar sjötugsafmæli með stórtónleikum í Stapa þann 11. nóvember nk. Nú standa yfir stífar æfingar fyrir hátíðarkvöldið þar sem farið verður yfir sögu kórsins í máli, myndum og fyrst og síðast söng. Við settumst niður með formanni Karla-kórs Keflavíkur sem er tiltölulega nýlega byrjaður að syngja. Það var árið 2015 með fimm hundruð manna kór á kóramóti í Reykjanesbæ.

**Hvað eruð þið að gera á þessum merku tímamótum?**

„Nú er allt á fullu í að undirbúa stórtónleika sem verða haldnir 11. nóvember í Stapa í tilefni af 70 ára afmæli kórsins. Karla-kór Keflavíkur er stofnaður 1. desember 1953 en á sjálfan afmælisdaginn verður veisla fyrir félagsmenn í félagsheimili kórsins við Vesturbraut í Keflavík.“

**Hvað ætlið þið að gera á þessum tónleikum?**

„Þarna verður farið yfir sögu kórsins í máli og myndum. Það verður farið í gegnum lög sem hafa verið vinsælust í gegnum tíðina. Við munum taka gömul lög frá þeim tíma sem kórinn var stofnaður, frá fyrstu tónleikunum og af fyrstu plötunum okkar. Við förum einnig yfir búningasöguna en þetta er einn litríkast karla-kór á landinu. Ég held að það séu fáir karla-kórar búnir að vera í eins mögum litum af kórþúningum og



við förum í gegnum þá sögu. Ég á ekki von á öðru en þetta verði bara skemmtileg kvöldstund.“

**Er eitthvað sem einkennir Karla-kór Keflavíkur?**

„Ætli það séu ekki bara búningarnir. Við erum bara með hefð-

bundin karla-kóralög en núna síðari árin höfum við látið útsetja lög eftir nútímahöfunda eins og Ásgeir Trausta, Braga Valdimar, létum útsetja lag eftir Hjalma og núna létum við útsetja lag eftir Bubba Morthens. Ég veit ekki hvort aðrir karla-kórar séu eins duglegir í svona lagaflutningi eins og við. Okkur finnst gaman að taka ný lög inn í dagskránnu líka.“

**Hvernig er starfið hjá ykkur, hvað eruð þið virkir?**

„Við æfum tvisvar í viku, á mánudagskvöldum og fimmtudagskvöldum. Við erum yfirleitt með jólatónleika en sleppum þeim væntanlega núna þar sem það er mikið umleikis um þessar mundir. Við tökum kannski bara nokkur jólalög við tækifæri úti í bæ í staðinn. Þá erum við einnig með vortónleika. Það hafa verið farnar utanlandsferðir en það er langt síðan við förum síðast, þannig að það er kominn hugur

í menn að safna pening og reyna að komast eitthvað út. Við höfum tvisvar haldið Kötlumót en Katla er samband sunnlenskra karla-kóra. Síðast héldum við þetta mót árið 2015 á Ásbrú og þótti takast mjög vel til. Við settum upp risastórt svið í Atlantic Studios og á þeim tíma byrjaði ég í kórnum. Fyrsta reynsla mín af karla-kór var að syngja í 500 manna karla-kór á sviðinu þar. Þetta var mögnuð upplifun og ég hef ekki hætt eftir það.“

**Hvernig gengur að draga karla inn í kórarstarf?**

„Það gengur ekki nógu vel, sérstaklega ungu mennina. Þeir eru eitthvað uppteknir í öðru. Við erum að reyna að höfða til yngri manna með því að útsetja þessi nýju lög. Það koma alltaf einn og einn en í lengjast ekki alltaf. Við höfum náð að halda dampi en það var erfitt í Covid. Það var erfitt tímabil fyrir alla kóra en það er mjög harður kjarni hérna í kórnum sem fer í gegnum súrt og sætt. Sá kjarni er búinn að halda þessu saman. Við erum líka að vaxa aftur eftir Covid-tímabilið.“

**Þið eruð með stjórnanda úr heimabyggð. Er það betra?**

„Já, við erum með Jóhann Smára stórsöngvara. Ég er á því að það sé betra og hann er mjög virkur fyrir kórinn og búinn að kenna okkur mikið. Hann er frábær söngvari og hefur kennt okkur hvernig við eigum að haga okkur í söngnum. Það hafa orðið miklar framfarir á kórnum eftir að hann tók við okkur.“

Jón segir að það sé allur gangur á því hvernig söngmenn koma í Karla-kór Keflavíkur. Sumir komi blautir á bak við eyrun á meðan aðrir séu reynslumeiri. „Ég hafði aldrei verið í kór þegar ég byrjaði og hef lært mjög mikið af Jóhanni Smára og er orðinn betri söngvari í dag en þegar ég byrjaði. Á afmælistónleikunum ætjum við að láta okkar menn njóta sín, því við eigum orðið mikið af frambærilegum söngvurum. Einsöngvararnir koma allir úr röðum kórsins. Okkur finnst viðeigandi á þessum tímamótum að láta kórmenn njóta sín á þessu kvöldi. Ég held að fólk eigi eftir að vera hissa hvað við eigum góða söngvara,“ segir Jón Gunnarsson.

## Valgeir fyrsti tenór í hálfu öld með Karla-kór Keflavíkur

Valgeir Jóhannes Þorláksson hefur sungið með Karla-kór Keflavíkur í hálfu öld. Hann byrjaði að syngja með kórnum árið 1973 eftir að Haukur Þórðarson hafði komið í bakarið til Valgeirs og spurt hvort hann vildi ekki syngja með kórnum.

„Hann var að koma með vörur til mín í bakarið og spurði hvort ég gæti ekki komið í kórinn. Þar sem ég hafði verið í kór fyrir norðan var ég mjög feginn að fara í kórinn. Þetta var 1973 þannig að það eru komin 50 ár síðan.“

**Hvernig finnst þér kórinn hafa þróast á þessum tíma?**

„Mér finnst hann alltaf hafa verið svipaður. Auðvitað koma lægðir og hæðir en þegar blásið er til utanlandsferða, þá fyllist bekkurinn.“

**Þegar þú byrjar í kórnum 1973, þá varstu fimmtíu árum yngri en í dag. Hvernig var aldurinn í kórnum þá?**

„Hann var svolítið fjölbreyttur. Það var dálítið mikið af eldri mönnum, sem var bara mjög gott. Það var eins þegar ég gekk í landsamband bakameistara, þá var ég bara litli strákurinn þeirra og þeir héldu utan um mig. Það var alveg eins hér í kórnum.“

Valgeir syngur fyrsta tenór í Karla-kór Keflavíkur og hefur alltaf gert. „Ég byrjaði í Karla-kórnum



Þrym þegar ég var 16 ára og þar söng ég fyrsta tenór. Ég var ekki

prófaður einu sinni, ég fór bara í fyrsta tenór.“

**Þú hefur svo tekið þetta aðeins lengra, skelltir þér í tónlistarnám og ert að læra söng.**

„Já, ég hef svo mikinn áhuga á þessu. Þess vegna dreif ég mig í skólann og er að læra söng. Ég söng konsert síðasta vor og ætla vonandi að syngja aftur næsta vor.“


**Nú eruð þið að skipuleggja afmælistónleika. Hvernig eru þeir að leggjast í þig?**

„Bara mjög vel. Ég vona að fólk finnst þetta skemmtileg dagskrá. Okkur finnst hún skemmtileg. Fyrsta lagið verður Suðurnesjamennt. Næsta lag á dagskránni

verður fyrsta lag Karla-kórs Keflavíkur fyrir 70 árum síðan. Þar syng ég smá einsöng,“ segir Valgeir og þegar hann er spurður hvernig það sé að fá að rísa þannig upp úr hópnum þá segir hann það löngu tímabært og hlær við. Valgeir segist hafa gaman af kórsöngnum og á ekki von á öðru en hann muni starfa áfram með Karla-kór Keflavíkur í mörg ár í viðbót. Hann gefi sér þann tíma að mæta tvisvar í viku á kóræfingar, þó svo það hafi aldrei verið eins mikið að gera hjá honum og núna eftir að hann settist í helgan stein frá bakariðinn.

„Ég væri ekki til afsagnar ef skipið hefði orðið fyrir árásum,” segir Björn Haraldsson, eða Bangsi eins og hann er betur þekktur í Grindavík og víðar. Hann fór ekki hefðbundnu leiðina, var á fraktskipti sem flutti hergöng í Víetnamstríðinu og hóf síðan sjoppurekstur í Grindavík.

Bangsi hefur komið að skemmtanahaldi Grindavíkinga og sat um tíma í bæjarstjórn Grindavíkur.



Í skipi með hergöng á leið til Víetnam.

# Úr stríðinu í Víetnam í sjoppurekstur í Grindavík

**SIGLDI MEÐ ÁTJÁN ÞÚSUND TONN AF SPRENGIEFNI TIL VÍETNAM.**

**MIKIL UPPGRIP Í SJOPPUNNI HJÁ BANGSA ÞEGAR VERTÍÐARNAR VORU Í GANGI.**

**SONUR HANS STARTAÐI ÞÖBBAMENNINGUNNI Í GRINDAVÍK.**

Bangsi er einn fárra Íslendinga sem tók óbeinan þátt í Víetnamstríðinu sem stóð yfir á árunum 1959-1975 en þegar hann var um tvítugt, ákvað hann að flytja til Bandaríkjanna og réði sig á flutningaskip sem sigldi mest fyrir herinn - með hergöng til Víetnam. „Árni Björnsson, móðurbróðir minn, kallaður Bassi, hafði haldið vestur um haf eftir seinni heimsstyrjöldina til að gerast sjómaður á fraktskipti og ég sá þetta í hillungum og vildi breyta um umhverfi. Þessi frændi minn var kominn í land en vann ennþá hjá Sjómannafélaginu sem var þarna en það var geysilega sterkt, með um 70 þúsund félagamenn og það félag sá um að ráða alla starfsmenn nema yfirmenn á skipin. Bassi vann við að ráða unga menn sem vildu komast á sjóinn en hann ætlaði fyrst ekki að vilja ráða mig.



Frá blómasteiði Bárunnar.

Ég fór þá í mömmu hans og ömmu mína, áfram var svarið nei en þegar ég var búinn að tala við ömmu hans gaf hann sig loksins og réði mig. Ástæða þess að hann barðist svona á móti þessu var væntanlega sú að



hann vissi að siglingarnar yrðu flestar til Asíu á stríðshráð svæði og mikil hætta stafaði af því en hann gaf sig að lokum. Oftast var siglt frá New York en stundum líka frá San Francisco á vesturströndinni. Hver sigling tók um þrjú mánuði, bara siglingin í gegnum Panamaskurðinn tók fjórar vikur og við vorum margar vikur úti á sjó með enga landsýn,

það gat tekið á. Ástand manna um borð var auðvitað mjög misjafnt, menn kannski að standa í skilnaði og þá var ekki það besta fyrir þá að sjá ekkert land svo vikum skipti. Líklega er fyrsta siglingin sú eftirminnlegasta. Þá vorum við að sigla með átján þúsund tonn af sprengiefni og þurftum að sigla upp á til að komast til Saigon í Víetnam og það er nokkuð ljóst að ef við hefðum orðið fyrir árásum væri ég ekki hér til frásagnar og stórt stöðuvatn hefði myndast þar. Þetta er mjög eftirminnlegur tími en það voru alltaf vopnaðir hermenn með í hverri ferð og þegar við náguðumst stendur Asíu voru þessir hermenn með einfalda skipun, ef einhver óvinveittur nágaðist skipið ætti að skjóta til að drepa. Við vorum 48 í áhöfn en það kom fyrir að einungis 28 skiluðu sér til baka, hvað varð um hina fréttum við aldrei. Ég myndaði vinskapið við einn um borð sem ég held ennþá sambandi við, hann bjó í Chicago á þeim tíma og fékk að ferja bíl á vesturströndina og ég fékk að fljóta með, það var mikið ævintýri að keyra þvert fyrir Bandaríkin. Þessi maður er gyðingur, ég fór eitt sinn með honum til Ísrael, það var mjög eftirminnlegt. Ég var duglegur að skrifa bréf og senda heim, á t.d. um fjörutíu bréf frá fyrstu ferðinni en ég sendi þau til foreldra minna og þabbi merkti þau öll með rómverskum tölustöfum, þetta á ég enn þann dag

**VF GRINDAVÍK**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



í dag. Það gekk mikið á í þessum ferðum og í raun má ég vera guðs-lifandi feginn að vera til frásagnar í dag. Ég fór fyrir nokkrum árum með Teresu yngstu dóttur mína til New York þar sem West point herskólinn er. Þar er grafreitir allra þeirra fjölmörgu sem féllu í Víetnamstríðinu, Teresa fór í mikla geðshræringu þegar hún skynjaði alvöruna sem þarna var í gangi.“

## Amor hittir Bangsa

Þegar Bangsi var á milli túra bjó hann í ferðatösku má segja, á hinum og þessum hótélum og farfluglaheimilum í New York og eftir nokkur ár, kynntist hann konunni sinni, Guðnýju Hallgrímsdóttur en hún hafði ráðið sig í jafnráðningu [au pair] hjá gyðingafjölskyldu sem bjó í New York. Alltaf þegar Brúarfoss kom í land í New York, var saltfiskur í hádeginu á föstudögum og eftir eitt hádegjöld voru allir að fara upp á bar á Manhattan þar sem Íslendingar héldu mikið til, þar mættust augu Bangsa og Diddu eins og hún er jafnan kölluð, í fyrsta sinn. „Didda var ein heima á þessum tíma því fjölskyldan sem hún vann hjá fór í skíðaferðalag. Hún bauð mér í mat og síðan þá hef ég verið hjá henni,

Það má segja að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn. Um það leyti sem við kynntumst vantaði mig 30 daga til að vera orðinn fullgildur háseti um borð en munurinn á kjörum var ansi mikill ef maður komst yfir ár á sjó. Ég náði að fara stuttan túr til Evrópu svo ég kæmist yfir þann þröskuld en svo átti þessum kafla að vera lokid og við Didda sigldum heim til Íslands með Brúarfossi. Mig grunar að þar hafi elsti sonur okkar, Árni Björn, komið undir. Við komum heim en þar sem kaupid hafði hækkað svo mikið en ég var með þreföld laun á við féлага mína sem voru að vinna hina og þessa vinnu á Íslandi, ákváðum við að ég myndi fara annan túr og eftir á að hyggja var það fullkomið ábyrgðarleysi! Árni fæddist svo og við fluttum aftur út og vorum í tvö ár en ég gat skipt um starf og réði mig á snekkju sem útgerðin átti. Hún var reyndar meira og minna bundin við bryggju allan tímann en svo fundum við hvernig Íslandstaugin togaði og þar með lauk þessu ævintýri í Ameríku," segir Bangsi.

**Báran**

Bangsi er fæddur og uppalinn í Reykjavík, nánar tiltekið í 101 hverfinu og gekk þar í gegnum grunn- og gagnfræðaskóla og lærði húsgagnasmíði um tíma. Hann sá ekki fyrir sér í æsku að hann ætti eftir að setjast að í Grindavík en pabbi hans hafði komið auga á tækifæri þar og var kominn með annan fótinn í Grindavík þegar Bangsi sneri aftur til Íslands. Haraldur pabbi hans hafði fest kaup á sjoppu sem hét Bára en hana stofnuðu hjónin Hjalti Magnússon og Petra Guðrún Stefánsdóttir, í kringum 1965. Á þessum árum voru rúmlega þúsund íbúar í Grindavík en þeim fjölgaði mikið yfir vertíðina og Bangsi kom fljótlega inn í reksturinn með pabba sínum þegar var sem mest að gera. „Það voru viðbrigði að koma úr milljóna manna borginni New York til sjávarþorpsins Grindavíkur haustið 1970 en það var strax mjög mikið að gera í sjoppunni. Við tókum við góðu búi Hjalta og Petru, þau höfðu verið með vinnufatnað og sjoppu. Á vertíðinni voru rúmlega hundrað bátar sem lönduðu í Grindavík svo það gefur auga leið að erillinn var mikill. Fljótlega opnaði svo Festi og þá voru böll bæði kvöld allar helgar, það var svo sannarlega líf og fjör í Grindavík á þessum árum. Við vorum bókstaflega að moka inn peningum á þessum tíma og þetta er auðvitað fyrir tíma korta, fólk fékk borgað með ávisun og þær keyptum við gegn því að viðkomandi verslaði karton af



*Svipmyndir úr Bárunni í Grindavík frá gamalli tíð.*



sígarettum eða eitthvað og svo þurfti að skipta þessu í Landsbankanum sem þá var bara opin þrjú daga í viku í nokkrar klukkustundir í senn. Það er fyndið til þess að hugsa að nú er opunar-tími bankanna að minnka aftur, bara opið frá tíu til þrjú svo þetta fer greinilega allt í hringi. Við feðgarnir vorum saman í þessum rekstri í nokkur ár en svo keypti ég pabba út einhverjum árum síðar en hann féll frá sama ár og Ingi sonur minn fæddist, árið 1979 og ég rak Báruna allt fram til ársins 2007. Þegar pabbi keypti Báruna var sjoppa bara í litlum kofa má segja. Ég og Gísli bróðir sem flutti sömuleiðis til Grindavíkur á þessum árum, vorum báðir smiðir og við byrjuðum hægt og bítandi að stækka húsnæðið, sem á endanum varð um 1000 fermetrar í heildina í kringum 1980. Þá var sjoppa komin á sinn lokastað en þar sem Báran hafði upprunalega byrjað, líklega í kringum 1965, reis svo þöbb þegar bjórþanninu var aflétt árið 1989. Árni Björn, elsti sonur okkar setti Hafurbjörninn á stofn en staðurinn er sveipaður dýrðarljóma í huga margra Grindvíkinga en fram að þessum tíma hafði ekki verið neinn þöbb í Grindavík. Ég leigði næstu bil, t.d. hafa nuddhjónin Brynjar Pétursson og Svanhildur Káradóttir alltaf verið með sína nuddstofu þar og um tíma var hárgreiðslustofa í einu bilinu. Þetta voru skemmtilegir og eftirminnilegir tímar, ég held ég hafi veitt mikla sálfræðipjónustu á þessum tímum og þáði hana sömuleiðis, maður kynntist ótal mörgum litríkum karakterum á þessum árum en

þessu ævintýri lauk svo eins og áður segir árið 2007.“

**Heldri árin**

Eftir að Bangsi seldi Báruna tók hann um tíma við rekstri gamla Hafurbjarnarins sem þá hét Kanturinn og um tíma kom hann að bæjarstjórnarmálum Grindvíkinga en hvað er svo eftirminni-legast? „Ég taldi mig vera setjast í helgan stein þegar við seldum Báruna en ég kann illa að vera aðgerðarlaus. Fljótlega var ég kominn með börnunum mínum í rekstur á gamla Hafurbirninum sem þá hafði skipt nokkrum sinnum um nafn hjá nýjum eigendum, hét orðið Kanturinn þegar við rákum staðinn en það var fínt að loka þeim kafla líka árið 2016. Svo bauðst mér að fara

á lista hjá Frjálslynda flokknum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar árið 2006, ég hlaut kosningu og var því í bæjarstjórn Grindavíkur frá 2006-2010. Það var afskaplega skemmtilegur tími, Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir var bæjarstjóri um tíma, mér fannst mjög gott að vinna með henni en ég hafði verið meðhjálpari hjá henni í Grindavíkurkirkju í tuttugu ár. Eins og ég segi, það fór mér ekki vel að gera ekki neitt og verkefni einhvern veginn komu til mín. Í dag búum við Didda í Grindavík en eigum áfram Auðsholtið austur í hverfi og rekum þar gistiþjónustu [airbnb] þegar við erum ekki þar sjálf. Til dæmis er árisst hjá okkur að bjóða afkomendum í kjötsúpu þegar réttad er en Auðsholtið er við réttina í Þórkötlustaðarhverfi. Ég fer í sund á

hverjum einasta degi, líklega 361 daga á ári og og ætla mér að njóta heldri árána. Mér finnst gott að búa í Grindavík, mér finnst frábært hvernig staðið hefur verið að hafnarmannvirkjum í gegnum tíðina og verð að minnast á Margræti Gunnardóttur í þeim efnum, hún var í minnihluta á sínum tíma í bæjarstjórn Grindavíkur en hafði mjög mikil áhrif á að nýjustu varnargarðarnir voru byggðir í gegnum störf sín í hafnarnefnd Grindavíkur. Við sjáum í dag þegar botnfiskvinnslan er að færast austur af fjörðum til Grindavíkur, hvað það skiptir okkur ofboðslega miklu máli að hér sé góð hafnaraðstaða, hún er undirstaða velmegunar okkar Grindvíkinga,“ sagði Bangsi að lokum.

**Sjóðfélagayfirlit**

Kæru sjóðfélagar,

Sjóðfélagayfirlit hafa nú verið birt rafrænt á [island.is](http://island.is) og á [sjóðfélagavef Festu lífeyrissjóðs \(www.festa.is\)](http://sjodfelagavef.festa.is) og verða þau hér eftir eingöngu birt rafrænt tvisvar á ári.

Sjóðfélagar eru hvattir til að bera saman iðgjaldagreiðslur á sjóðfélagayfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa við gjaldþrot skulu launþegar, innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins, ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs. Ef upplýsingar um iðgjöld vantar á yfirlitið er mikilvægt að launþegi tilkynni það til lífeyrissjóðsins, með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins. Komi athugasemd ekki fram frá launþega er lífeyrissjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

Tekið skal fram að þeir sjóðfélagar sem kjósa að fá pappírskyfirlit send heim, sér að kostnaðarlausu, geta óskað eftir því með því að senda tölvupóst á [póstfangið festa@festa.is](mailto:póstfangið_festa@festa.is) eða haft samband við sjóðinn í síma 420-2100.





# Stakkur lífnet með einkaleyfi á Íslandi og í Evrópu

■ Tveir frumkvöðlar úr Njarðvík þróa björgunarbúnað. ■ Hlaut hæsta styrkinn úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja á síðasta ári.

Stakkur lífnet er verkefni sem fékk hæsta styrkinn við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja á síðasta ári í flokki atvinnu og nýsköpunar. Stakkur lífnet varð til í kjölfar þess að þeir Jón Helgason og Sæmundur Heimir Guðmundsson sóttu björgunarnámskeiði í nóvember 2019. Jón var fljótur að sjá að margt mætti bæta í þeim björgunarbúnaði sem notast var við á námskeiðinu. Kennarinn hvatti þá Jón til þess að bæta búnaðinn og úr varð að þeir Jón og Sæmundur þróuðu Stakk lífnet sem þeir eru nú komnir með einkaleyfi á hér heima á Íslandi og einnig í Evrópu.

Þeir félagar, Jón og Sæmundur, töldu sig geta gert úrlausn og talsverðar endurbætur á þeim búnaði sem var notaður við leit og björgun. Til að setja upp frumgerð af Stakki lífneti ákváðu þeir að sækja um styrk þar sem þetta er óhemju tímafrekt og efnið dýrt.

„Við fengum styrk, fyrst hjá VM sem er félag vélstjóra og málm-tæknimanna úr sjóði sem heitir Akkur. Þá sóttum við einnig um

styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Þá byrjuðum við að þróa vöruna út frá okkar hugmyndum hvernig við töldum að best væri að leita að fólki þar sem skyggni væri takmarkað í öllum þeim vötnum, böðum og lindum sem eru á Íslandi,“ sögðu þeir félagar.

Stakkur lífnet fékk fjögurra milljóna króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja en verkefnið lýtur að öryggi allra þeirra

sem sækja eða vinna við jarðböð og aðra staði þar sem ekki sést til botns. Verkefnið mun einfalda leit og björgun, segir í umsögn með styrkveitingunni.

## Góðar móttökur í netagerðum á Suðurnesjum

Við þróun á Stakki lífneti hefur verið farið í heimsóknir og vettfangsferðir á netaverkstæðin hér á Suðurnesjum til að fá efni og afganga í þessar tilraunir. Þeir segjast hafa fengið góðar móttökur hjá netagerðarmönnum á Suðurnesjum og aðstoð við þróun á frumgerðinni á Stakki lífneti.

Jón og Sæmundur segjast hafa fengið ómetanlega aðstoð í einkaleyfaferlinu en búið er að fá einkaleyfi á Íslandi og í Evrópu. „Við

keyptum aðstoð frá Árnason faktor og Einar Karl Friðriksson hefur séð um Stakk lífnet. Þar sem þeir sérhæfa sig í þessum hlutum þá hefur þetta gengið vel og það hefur verið lærdómsríkt að fara í gegnum það sem komið er.“

Þeir segja að kynningarmál á nýjum björgunarbúnaði sé langhlaup, sérstaklega þar sem búnaðurinn er einkaleyfisvarinn. Þeir félagar segja einnig að það sé búið að vera sérstakt að hafa ekki mátt sýna búnaðinn á meðan einkaleyfisferlið var í gangi. Farið hafi verið með allt eins og leyndarmál.

Stakkur lífnet hefur verið prófaður í Sundmiðstöð Njarðvíkur, Bláa Lóninu og við strendur hér á Suðurnesjum. Þá kynntu þeir búnaðinn á Björgun 2022 og á landsþingi slökkviliðsstjóra sem haldið

var í Reykjanæsbæ. Þá eru þeir byrjaðir var að kynna búnaðinn fyrir björgunarsveitum.



**Stakkur**  
lífnet



Sæmundur Heimir Guðmundsson og Jón Helgason með Stakk lífnet, sem þeir hafa verið að þróa frá árinu 2019. Á vef VÍKURFRÉTTA má horfa á viðtal við þá félagar og sjá hvernig lífnetið virkar. VF/pket

**MYNDSKEIÐ**   
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Páll Ketilsson  
pket@vf.is



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vt.is

Markmið að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja fyrir árið 2024. Sjóðurinn er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja og er í umsjón Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmið hans er að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs á Suðurnesjum, menningarstarfsemi og atvinnuskapandi verkefni á svæðinu. Í aðdraganda þess að opnað var fyrir umsóknir var boðað til kynningarfundar í Kvíkunni í Grindavík þar sem Logi Gunnarsson verkefnastjóri uppbyggingarsjóðsins kynnti sjóðinn og hlutverk hans. Hann segir sjóðinn hafa hjálpað verkefnum á svæðinu mikið.

# Veðurguðirnir tóku þátt í göngumessu í Grindavík



Sumarmessur á Suðurnesjum hafa mæltust vel fyrir í sumar og var góð mæting í allar messur. Síðla sumars var komið að Grindavík og má segja að veðurguðirnir hafi tekið fullan þátt í messunni, blankandi logn var og sólin skartaði sínu feegursta og úr varð hin besta kvöldstund.

Það var sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, sem leiddi stundina, organistinn Kristján Hrannar Pálsson tók harmonikkuna með og Kristín Matthíasdóttir sagði sögu húsa í gamla bænum í Grindavík en svo bættust fleiri sögumenn óvænt við.

Kristín sagði frá þessari fallegu kvöldstund. „Sr. Elínborg bað mig um að segja sögu nokkurra húsa sem eru í gamla bænum. Ég bý í gamla presthúsinu, hef kynnt mér

sögu húsanna í kring og gömlu kirkjunnar okkar sem er þarna líka. Ég hafði mjög gaman af þessu og þegar við gengum að Bakka, tóku hjónin Erling Einarsson og Guðbjörg Ásgeirsdóttir í raun við söguhlutverkinu og fræddu okkur um sögu húsanna þar í kring. Gestir spurðu mikið og úr urðu mjög skemmtilegar umræður á milli fólks. Inn á milli spilaði svo Kristján Hrannar á nikkuna og við sungum og svo var endað í safn- aðarheimilinu í kaffi og meðlæti. Þetta tók rúman klukkutíma og var ofboðslega skemmtilegt. Ég vona að meira verði gert af svona löguðu. Veðrið var auðvitað einstakt, það voru um 40 manns sem mættu og það voru allir mjög áhugasamir um sögu húsanna og höfðu gaman saman,“ sagði Kristín.



## Stiklur - Gunnhildur Þórðardóttir

26. október til 12. nóvember 2023 í sal Íslenskrar grafíkur

Á sýningunni Stiklur með verkum eftir Gunnhildi Þórðardóttur eru ný verk bæði tví- og þrívíð verk auk þess eldri verk sem fá að slæðast með. Á sýningunni eru verk sem sýna eins konar stiklur eða brot eða búta af íslenskri náttúru auk þess sem stiklað er á stóru varðandi túlkun listamannsins á stóriðju og afleiðingum hennar á íslenska náttúru og upplifun.

Listaverk Gunnhildar fjalla oft um heimspekileg fyrirbæri en í listaverkum sínum túlkar hún vangaveltur sínar um lífið og tilveruna auk þess sem hnattræn hlýnun og hringrásarhagkerfið

hefur alltaf verið ofarlega á baugi í hennar verkum enda mikill umhverfissinni. Öll verkin á sýningunni eru einnig gerð úr brotum, bútum eða afskurði úr hinum ýmsa efniviði t.d. timbri eða úr hlutum sem fá nýtt hlutverk s.s. gömul húsgögn, geymslukassar, gardínur eða listaverk.

Á sýningunni verður einnig nýjasta og jafnframt sú sjötta ljóðabók listamannsins til sölu, Dóttir drápunnar – ljóð úr djúpinu auk þess sem listamaðurinn mun lesa ljóð fyrir sýningargesti. Fimmtudag 2. nóvember kl.17 verður útgáfuhólf fyrir bókina í Bókakaffinu í Armúla en það verður auglýst nánar síðar.



## Viltu vera með í Aðventugarðinum?

Undirbúningur fyrir Aðventugarðinn í Reykjanesbæ er nú kominn á fullt skrið. Markmiðið með Aðventugarðinum er að lýsa upp svartasta skammdegis og skapa góða og notalega stemningu fyrir jólabörn á öllum aldri á aðventunni.

Aðventugarðurinn verður opin frá kl. 14-17 laugardaga og sunnudaga í desember og frá kl. 18-21 á Þorláksmessu. Þá er undirbúningur fyrir opnun Aðventusvellsins einnig farinn af stað og er áætlað að svellið opni um miðjan nóvember.

Reykjanesbær býður og hvetur áhugasama aðila til að taka þátt í að skapa sannkallaða jólastemningu í Aðventugarðinum en nú er opið fyrir umsóknir um sölukofa og umsóknir fyrir hvers kyns viðburðahald, uppákomur eða dagskrá á vef Reykjanesbæjar. Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember.



## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennari  
Myllubakkaskóli - Íþrótt- og sundkennari  
Stapaskóli - Kennari á unglíngastig

Njarðvíkurskóli/Ösp - sérdeild - Sérkennari og/eða  
proskapjálfi

Umhverfis- og framkvæmdasvið - Tækjastjórnandi  
Umhverfismiðstöð - Þjónustufulltrúi

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026





**ÞVÍLÍKUR LEIKUR!**

ki - Símí 517 7600 Símiútel: 642 6000

# Keflavík áfram eftir dramatískar lokasekúndur

Áhorfendur fengu svo sannarlega skemmtun af bestu sort þegar Keflavík heimsótti Njarðvík í Ljónagryfjuna byrjun vikunnar. Þar tókust grannarnir á í 32 liða úrslitum VÍS-bikars karla í körfuknattleik og var leikurinn hörkuspennandi frá fyrstu mínútu fram á síðustu sekúndu.

Áhorfendur lifðu sig svo sannarlega inn í leikinn enda er allt lagt undir í bæjarlag stórveldanna. Eins og fyrirfram var búist við var leikurinn jafn og hvorugt lið gaf tommu eftir. Aðeins munaði einu stigi á liðunum í hálfleik (53:52). Heimamenn juku forystuna í níu stig um miðjan þriðja leikhluta (72:63) en Keflavíkingar voru ekki á þeim buxunum að missa þá of langt fram úr sér og héldu áfram að narta í hælana á Njarðvíkingum.

Þegar stutt var til leiksloka jafnaði Remy Martin í 89:89 og spennustigið í troðfullri Ljónagryfjunni var orðið býsna hátt. Luke Moyer virtist fara langt með að tryggja Njarðvíkingum sigurinn þegar hann setti niður mikilvæga körfu og kom heimamönnum í þriggja stiga forystu (94:91). Tíminn vann með Njarðvíkingum og Urban Oman reyndi við þriggja stiga skot sem geigaði og Njarðvíkingar náðu boltanum.

Í stað þess að halda boltanum gerðist Chaz Williams sekur um afdrifarík mistök þegar einungis tólf sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma. Hann reyndi sendingu en inn í hana komst títt nefndur Remy Martin sembrunaði upp og sendi svo út fyrir þriggja stiga línu á Igor Maric sem jafnaði leikinn með þristi (94:94) og tryggði Keflavík framlengingu.

Í framlengingunni var jafnt á flestum tölum en þegar sex sekúndur voru eftir jafnaði Chaz Williams leikinn og fékk jafnframt vítakast sem hann setti niður (108:107). Áftur leit út fyrir að Njarðvíkingar væru að landa sigrinum en Keflavíkingar lögðu ekki árar í bát og nýttu síðustu andartökin til hins ítrasta.

Þeir brunaði í sóknina og Marek Dolezaj batt enda á magnaðan leik þegar hann tróð með tilþrifum og tryggði Keflavík áfram í sextán liða úrslit (108:109).

Ótrúlegur leikur og ömurlegt að annað liðið skuli þurfa detta svona snemma úr keppni en bæði léku frábærlega og að lokum varð annað liðið að tapa.

**VIÐTÖL EFTIR LEIK**  
Viðtölin má sjá í sjónvarpi og rafrænni útgáfu Víkurfrétta.

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Úrslit leikja, fréttir, myndir, viðtöl og margt fleira birtist á **vf.is**

**Hetjan og skúrkurinn**

Remy Martin reyndist hetja Keflavíkinga og sló á þær gagnrýnisráðir sem hafa sett út á frammiðstöðu hans í upphafi tímabils. Martin var hreint stórkostlegur með 42 stig. Njarðvíkingurinn Chaz Williams var litlu lakari og setti niður 33 stig. Williams brá sér hins vegar í hlutverk skúrksins undir lok leiks og má segja að hann hafi kasta sigrinum frá sér.



## 1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

# Fyrsta konan í tippaleiknum

Jónas Þórhallsson hafði betur gegn Sissa í annari umferð tippaleiks Víkurfrétta eftir æsispennandi leik þar sem úrslit réðust ekki fyrir en í þriðja lið um hvernig jafntefli er útkljáð, Jónas var með fleiri rétta á fyrstu sex leikjum seðilsins. Hann hélt þar með velli annað skiptið í röð.



Jónas	Seðill helgarinnar	Eva
☒ ☐ ☐	Wolves - Newcastle	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Arsenal - Sheff.Utd.	☒ ☒ ☐
☒ ☐ ☐	Bournemouth - Burnley	☒ ☒ ☐
☒ ☒ ☒	Barcelona - Real Madrid	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☐	Blackburn - Swansea	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	Cardiff - Bristol City	☒ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Hull - Preston	☐ ☐ ☒
☒ ☒ ☒	Ipswich - Plymouth	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Middlesbro - Stoke	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☒	Q.P.R. - Leicester	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☒	Sunderland - Norwich	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Watford - Millwall	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Charlton - Bolton	☐ ☐ ☒

Víkurfréttir ákváðu að leita út í Garð eftir nýjum áskoranda og varð fyrsta konan fyrir valinu, Eva Rut Vilhjálmssdóttir. „Ég vinn sem sundlaugarvörður í íþróttamiðstöðinni í Garði og þjálfá áttunda og sjötta flokk Reynis/Víðis. Ég er gjaldkeri Knattspyrnufélagsins Víðis en félagið á hug minn allan, öllum stundum. Það er fátt annað sem kemst að í huga okkar fjölskyldunnar en að styðja við bakið á Víði í blíðu og stríðu og elta þá út um allt land og hvetja áfram. Ég er mikil áhugamanneskja um enska boltann, Liverpool er mitt lið.“

Jónas hafði þetta að segja um komandi slag gegn Evu. „Ég fagna því að fá konu inn í leikinn og bið Evu kærlega velkomna. Ég man ekki eftir því að hafa séð konu í tippkaffinu okkar í Gula húsinu og hvet konur hér með til að mæta. Ég mun draga dætur mínar, Ástrúnu og Gerði Björk, með mér á laugardaginn. Að sjálfsögðu stefni ég á sigur, annars væri ég ekki að þessu,“ sagði Jónas.



## Kátir krakkar í brasilískum glímum

Íslandsmeistaramót í brasilísku jiu-jitsu fór fram um síðustu helgi. Fullorðinsflokkar kepptu á laugardegnum í aðstöðu Ármanns í Laugardal og á sunnudag kepptu barna- og unglíngaflokkar í Bardagahöll Reykjanesbæjar þar sem yfir hundrað keppendur mættu til leiks, af þeim voru tíu frá glímudeildinni sem áður tilheyrði Njarðvík.

Arnar Einarsson stóð sig frábærlega og vann gull í sínum flokki, þá



vann Haukur Hersir Einarsson silfur. Fimm bronsverðlaunahafar voru frá glímudeildinni, þeir Fenrir Frosti Guðmundsson, Eðzús Grunís Griscuks, Magnús Alexander Einarsson, Helgi Þór Guðmundsson og Þorgeir Fálki Benediktsson.

108 kepptu í fullorðinsflokkum þar af tíu frá glímudeildinni.

Tvenn gullverðlaun féllu í skaut deildarinnar en þau Theodór Sigurbergsson og Sau Medina unnu til þeirra. Einnig unnu þeir Alejandro Hernandez Jose Chirino og Emerson Dias til silfurverðlauna í flokki hvítbeltinga og Gunnar Örn Guðmundsson vann einnig silfur í efsta flokki fjólublátt/svart. Fiona Sigurðardóttir vann bronsverðlaun í blábeltaflokki.

Í heildina tóku 212 þátt í Íslands-mótinu í ár.

